

Málsnúmer: 24122054

Starfsáætlanir skóla- og
frístundastarfs,
Waldorfskólinn í Lækjarbotnum

Starfsáætlun Waldorfskólans í Lækjarbotnum skólaárið 2025 – 2026

Ágrip:

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum er einkarekinn grunnskóli í Kópavogi. Staðsetning skólans er afgerandi og mótar hún uppeldisstarfið sem þar fer fram. Nemendur eru í náinni snertingu við náttúruna og lífa og hrærast með hrynjanda árstíðanna. Skólinn byggir á uppeldis- og kennslufræði Rudolf Steiner þar sem áhersla er lögð á andlegan, líkamlegan og vitsmunalegan þroska barnsins.

Waldorfskólinn leggur áherslu á félagsþroska og félagsvitund nemenda og það að skapa nálægð á milli aðila skólasamfélagsins óháð aldri og þroska. Þannig geta nemendur umgengist hver annan af virðingu og metið verðleika annarra. Eldri nemendur sýna þeim yngri umhyggju og virðingu. Á móti upplifa yngri nemendur dugnað og færni þeirra eldri sem skapar eftirvæntingu í þeirra garð.

Virðingarfullt,
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir,
deildarstjóri grunnskóladeildar
menntasviðs Kópavogs